

37
20. júní

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá 1. jan. 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

38
20. júní

L Ö G

um

verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.

Smjörlíki telst alt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.

Rjómalíki kallast feitiþafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu líkist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostalíki kallast ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá, sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta til-

kynninguna í Lögbirtingablaðinu á kostnað framleiðanda. Framleiðandi skal hafa framleiðslubók, sem skráð eru í efni þau, sem notuð eru, og skal það gert eftir reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur. Lögreglustjóra skal heimilaður aðgangur að framleiðslubókunum. 38
20. júní

3. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa með greinilegu og óafmáanlegu letri orðið SMJÖRLÍKI ásamt nafni verksmiðjunnar. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, með þeirri undantekningu, að fyrir orðið SMJÖRLÍKI má standa MARGARINE, en á umbúðum standi ávalt með greinilegu letri ÚTLENT. Þessi ákvæði gilda einnig, þegar smjörlíki er selt í lausri vigt í sölubúðum. Sje smjörlíki selt mótað, skal þungi skökunnar vera $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{2}$ eða $\frac{1}{1}$ kg., og sje það skráð á umbúðirnar.

4. gr.

Bannað er sem verslunarvara smjör, sem blandað er smjörlíki eða fituefnum, sem notuð eru til smjörlíkisgerðar. Leyft er, að í smjörlíki sje alt að 5% smjörfeiti.

5. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.

6. gr.

Í öllu smjörlíki, hvort heldur það er framleitt hjer eða flutt hingað frá útlöndum, skal að minsta kosti 10% feitinnar vera sesamolía. Sömu ákvæði gilda um rjómalíki og mjólkurlíki. Í ostalíki skal 5% feitinnar vera sesamolía.

7. gr.

Ostalíki, rjómalíki og mjólkurlíki má ekki selja hjer á landi nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðin: OSTALÍKI, RJÓMALÍKI eða MJÓLKURLÍKI, eftir því sem við á, ásamt nafni verksmiðjunnar.

8. gr.

Bannað er að versla með smjörlíki, sem litað er með anilínlit eða blandað er nokkrum þeim efnum, sem skaðleg geta talist.

9. gr.

Í smjörlíki má ekki vera meira vatn en 16%.

10. gr.

Verksmiðjur þær, sem búa til smjörlíki, skulu standa undir opinberu eftirliti. Nánari ákvæði um það setur atvinnumálaráðuneytið.

38
20. júní

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—1000 krónum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

12 gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.

39
20. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57,
frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Viðhaldskostnaður flutningabrautanna frá Reykjavík að Þjórsárbrú og
frá Borgarnesi að vegamótunum hjá Haugum greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði.

Kostnaður við viðhald Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar greiðist einnig úr
ríkissjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.